



Reykjavík, 11. október 2022
SFS22100067

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi staðsetningu stoðdeildarinnar Birtu

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að stoðdeildin Birta sem starfrækt hefur verið við Álftamýrarskóla færist til Seljaskóla frá upphafi skólaársins 2022 - 2023.

Greinargerð:

Stoðdeild Birtu tekur á móti börnum einna helst í 3. til 10. bekk sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og sem þurfa sértækan stuðning við að hefja nám í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Deildin hefur verið starfrækt í 3 ár sem þróunarverkefni en hún var sett á stofn í ágúst 2019. Á þeim tíma hafa yfir 100 börn sótt kennslu í stoðdeildinni og hefur almennt verið mikil ánægja með starfseminna. Við stofnun Birtu var gert ráð fyrir að í deildinni yrði að hámarki 24 börn á aldrinum 8 – 16 ára hverju sinni. Fjöldi barna hefur hins vegar tvöfaldast og hefur deildin tekið á móti allt að 40 börnum hverju sinni. Fram til ársins 2019 fékk stór hluti umsækjenda um alþjóðlega vernd synjun og var þar með vísað úr landi. Starfsemi Birtu tók því að miklu leyti mið af því að stór hluti nemenda yrðu send úr landi og var áhersla í námi byggð á kennslu í stærðfræði, ensku og íslensku. Þegar heimsfaraldurinn skall á urðu breytingar á stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd þar sem flestir nemendur fengu stöðu flóttafólks. Í byrjun árs 2022 urðu breytingar á afgreiðslu umsækjenda um alþjóðlega vernd og er óljóst hvernig leyfisveitingar verða á næstunni. Samsetning nemendahópsins breyttist jafnframt á tímabilinu og fljótlega fór að fjölga nemendum með mjög rofna skólagöngu. Þetta jók álag á stoðdeildina og meiri vinna fór í að þjálfa almenna skólafærni nemenda. Börn sem eru ólæs og óskrifandi á sínu móðurmáli er í sérlega viðkvæmri stöðu og þurfa mikinn náms- og félagslegan stuðning.

Stoðdeild Birtu hefur sannað gildi sitt á þeim þremur árum sem verkefnið hefur verið í þróun. Sá hópur nemenda sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd eru í viðkvæmri stöðu og þarf sérstaklega að hlúa að þeim í þessu millibilsástandi. Á þessum reynslutíma hefur ýmislegt lærst og hefur annað verið endurskoðað. Reynsla af starfsemi Birtu hefur verið kortlögð með viðeigandi gagnasöfnun, skýrslum og ábendingum starfsmanna Birtu.

Starfsemi Birtu var til vors 2022 undir stjórn Álftamýrarskóla með aðstöðu í Safamýri 27, húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Tónabæ og frístundaheimilinu Álftabæ. Fljótlega var ljóst að húsnæðiskosturinn gat ekki haldið utan um starfseminna og var farið þess á leit að fá lausar kennslustofur á lóðina. Í byrjun árs 2022 lá fyrir að starfsemi Birtu gæti ekki rúmast innan Álftamýrarskóla og var þá farið í að kanna möguleika á nýju húsnæði. Í vor lá fyrir að starfsemin myndi flytjast til Seljaskóla og eru bundnar vonir við að unnt verði að efla þátttöku nemenda í Birtu inn í almenna bekk Seljaskóla þar sem því verður komið við. Nýtt stjórnendateymi hefur

tekið til starfa í Birtu og er gert ráð fyrir að að hið öfluga fagstarf Birtu haldi áfram að þróast og dafna.

Litið er svo á að um sé að ræða tilraunaverkefni og hefur deildin verið tilkynnt mennta- og barnamálaráðuneytinu á þeim grundvelli að verið sé að þróa nýja leið hjá Reykjavíkurborg til að efla móttöku, aðlögun og skipulag náms barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Um er að ræða að ræða nýsköpunar- og tilraunverkefni og því nauðsynlegt að hafa tiltekinn sveigjanleika í innritun og útskrift nemenda. Fyrir liggur að upp geta komið ófyrirséðar aðstæður í nemenda- og foreldrahópnum sem nauðsynlegt er að bregðast við. Upplýsingum um framlengingu verkefnisins til vors 2024 verða lagðar fyrir ráðuneytið.

Gert er ráð fyrir að skólaárið 2022-2023 verði nýtt til úttektar á verkefninu.

Í umsögn skólaráðs Seljaskóla, dags. 26. september 2022, kemur eftirfarandi fram:

„Skólaráð Seljaskóla kom saman mánudaginn 26. september 2022 og fjallaði þá um málefni stoðeildarinnar Birtu og þá ákvörðun að færa starfsemi deildarinnar í húsnæði og undir stjórn Seljaskóla. Verkefni stoðeildarinnar eru að mati skólaráðs afar þýðingarmikil og hafa orðið æ brýnni hér á landi um þessar mundir. Ráðið þakkar það traust sem Seljaskóla er sýnt með því að fela skólastjóra Seljaskóla stjórn stoðeildarinnar Birtu og býður um leið deildina og starfsfólk hennar hjartanlega velkomið í Seljaskóla. Skólaráð Seljaskóla væntir þess að þessi ráðstöfun verði öllum hlutaðeigandi til farsældar og óskar starfsemi stoðeildarinnar Birtu allra heilla.“

Fjárhagsleg áhrif

Fjárheimildir sem fengust vegna verkefnisins flytjast til Seljaskóla.